

REGLUGERÐ

um þjónustuhóp aldraðra og vistunarmat aldraðra.

I. KAFLI

Þjónustuhópur aldraðra.

1. gr.

Starfssvæði þjónustuhóps aldraðra.

Í hverju heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Sveitarfélög geta sameinast um þjónustuhóp aldraðra sé það talið hagkvæmt. Kostnaður af starfi þjónustuhóps aldraðra greiðist af sveitarfélögum á starfssvæði hans í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

2. gr.

Skipan þjónustuhóps aldraðra.

Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefni lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórnir skipa tvo fulltrúa án tilnefningar sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum sem sinnir öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölulið 1. mgr. 3. gr.

Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Verkefni þjónustuhóps aldraðra.

Þjónustuhópur aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
4. Að meta vistunarþörf aldraðra, sbr. II. kafla.

Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra sbr. 1. gr. þeirra, sem kveður á um að aldraðir skuli eiga vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem hæfir best miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að öldruðum sé gert kleift að búa við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er en að þeim sé jafnframt tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

II. KAFLI

Vistunarmat aldraðra.

4. gr.

Mat á vistunarþörf.

Áður en einstaklingur er vistaður til langdvalar í dvalarrými fyrir aldraða eða í hjúkrunarrými, sbr. 14. gr. laga um málefni aldraðra, skal fara fram vistunarmat samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Með *dvalarrými* er í reglugerð þessari átt við rými á

stofnunum aldraðra, þ.e. dvalarheimili, sambýli og íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra sem ekki eru færir um að annast eigið heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu, sbr. 1. tölul. 14. gr. laga um málefni aldraðra. Með *vistunarmati* er átt við upplýsingar sem fram koma á *yfirlits- og matsblaði*, sbr. fylgiskjöl með reglugerð þessari.

5. gr.

Framkvæmd vistunarmats.

Þjónustuhópur aldraðra, sbr. I. kafla, annast mat á vistunarþörf. Í Reykjavík annast sérstakur *matshópur*, sbr. 6. gr., vistunarmat aldraðra samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Matshópur í Reykjavík skal tilnefndur af þjónustuhópi aldraðra. Tilnefna skal fjóra fulltrúa; lækni með sérmenntun á sviði öldrunarlækninga, hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu og tvo úr hópi starfsmanna Félagsþjónustunnar í Reykjavík og skal annar þeirra vera félagsráðgjafi. Allur kostnaður vegna starfsemi hópsins greiðist af Reykjavíkurborg.

7. gr.

Beiðni um vistunarmat.

Nú telur aldraður einstaklingur að hann þurfi að vistast til langdvalar á öldrunarstofnun, sbr. 14. gr. laga um málefni aldraðra, og sendir hann þá beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra þar sem hann býr, í Reykjavík til matshóps.

Beiðni um vistunarmat skal vísa til öldrunarlækningadeilda sjúkrahúsa í öllum tilvikum sem þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, telur þörf á. Þetta á t.d. við hafi félagsleg og heilsufarsleg úrræði, þ.m.t. endurhæfing, ekki verið fullreynd eða ef sá aldraði reynist ófær um að taka sjálfstæða ákvörðun.

Vegna einstaklinga sem flytjast úr dvalarrými fyrir aldraða í hjúkrunarrými innan sömu stofnunar skal gera vistunarmat af þjónustuhópi aldraðra á starfssvæðinu, í Reykjavík matshópi.

8. gr.

Flutningur af sjúkrahúsi í varanlega vistun.

Nú hefur aldraður einstaklingur dvalið á sjúkrahúsi lengur en 6 vikur og allt bendir til að viðkomandi þurfi á sérstökum úrræðum að halda, þ.e. stofnavist eða annarri þjónustu. Skulu þá stjórnendur deildarinnar, sem hlutaðeigandi dvelst á, í samráði við viðkomandi og nánustu aðstandendur hans, senda beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, sbr. 7. gr.

Ef öldrunarlækningadeild er rekin í tengslum við sjúkrahús sem aldraður einstaklingur dvelur á má fela þeirri deild mat á vistunarþörf. Þegar mat öldrunarlækningadeildar á vistunarþörf liggur fyrir skal það tilkynnt þjónustuhópi aldraðra þar sem viðkomandi á lögheimili, í Reykjavík matshópi, með því að senda afrit vistunarmatsblaðs, þannig að viðkomandi verði skráður á vistunarskrá, sbr. 12. gr.

9. gr.

Forsendur vistunarmats.

Forsendur vistunarmats eru að fyrir liggja skrifleg beiðni um vistunarmat sbr. 7. gr. og að hlutaðeigandi einstaklingur sé þegar tilbúinn til vistunar ef vistrými er til reiðu. Þá skal liggja fyrir að öll félagsleg og heilsufarsleg úrræði til dvalar í heimahúsi, sbr. leiðbeiningar

í fylgiskjali með reglugerð þessari, hafi verið reynd áður en vistunarmat fer fram. Hafi það ekki verið gert skal beiðni um vistunarmat vísað til öldrunarlækningadeilda sjúkrahúsa.

Ef hlutaðeigandi einstaklingur, eða sá sem undirritar beiðni um vistunarmat vegna hans, sættir sig ekki við framgang vistunarmatsins eða niðurstöður þess, getur viðkomandi vísað málinu til faghóps heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til umsagnar, sbr. 15. gr.

10. gr.

Framkvæmd vistunarmats.

Þegar þjónustuhópi aldraðra, í Reykjavík matshópi, berst beiðni um vistunarmat skal hópurinn kanna gaumgæfilega að öll félagsleg og heilsufarsleg úrræði til dvalar í heimahúsi skv. leiðbeiningum í fylgiskjali, hafi verið reynd. Við könnunina skal fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í fylgiskjali með reglugerð þessari. Niðurstöðurnar skulu flokkaðar, sbr. 12. gr., og skráðar á sérstakt *matsblað*.

Á matsblað skal jafnframt skrá hvenær mat er gert og fari endurmat ekki fram innan 18 mánaða fellur vistunarmatið úr gildi.

Þeir sem koma að framkvæmd vistunarmats skulu gæta fyllsta trúnaðar við meðferð upplýsinga.

11. gr.

Kynning vistunarmats.

Þegar mat á vistunarþörf liggur fyrir skal niðurstaða þess kynnt hinum aldraða og/eða aðstandendum hans. Frumrit matsblaðs og afrit skulu afhent þeirri stofnun sem viðkomandi óskar eftir að vistast á. Komi fleiri stofnanir til greina skal jafnframt sótt um vist þar og þeim afhent ljósrít af matsblaði ásamt upplýsingum um það hvar frumgögn er að finna. Loks ber að senda heimilislækni ljósrít af vistunarmati.

12. gr.

Vistunarskrá.

Þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, skal á starfssvæði sínu halda sérstaka *vistunarskrá* yfir þá einstaklinga sem að loknu vistunarmati eru taldir hafa þörf fyrir vistun á stofnun.

Fari vistunarmat fram í öðru sveitarfélagi en því sem hinn aldraði á lögheimili í ber þeim er vistunarmatið gerir að tilkynna niðurstöður þess með því að senda afrit yfirlits- og matsblaðs, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari, til þjónustuhóps aldraðra þar sem hinn aldraði á lögheimili, í Reykjavík til matshóps.

Vistunarskrá byggir á eftirfarandi flokkun:

1. Einstaklingur þarfnast vistar í dvalarrými (sbr. 1. tölul. 14. gr. laga um málefni aldraðra).
2. Einstaklingur þarfnast vistar í hjúkrunarrými (sbr. 2. tölul. 14. gr. laga um málefni aldraðra).
3. Einstaklingur þarfnast sérstakra úrræða vegna heilabilunar.
4. Einstaklingur þarfnast annarra úrræða en vistunar.

Jafnframt skal metið og tekið fram í vistunarskrá hvort um sé að ræða *þörf*, *brýna þörf* eða *mjög brýna þörf*. Að mati loknu skal þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík mats- hópur, færa nafn hins aldraða á vistunarskrá.

Þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, skal ársþriðjungslega senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti upplýsingar um fjölda einstaklinga á vistunarskrá og flokkun þeirra.

13. gr.

Ákvörðun um vistun.

Nú losnar vistrými á öldrunarstofnun og ákveður stjórn viðkomandi stofnunar þá hvaða einstaklingi verður boðið rýmið, nema sérstakur þjónustusamningur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins við viðkomandi stofnun kveði á um annað. Óheimilt er að bjóða það öðrum en þeim sem sótt hafa um dvöl á viðkomandi stofnun og eiga þar gilt vistunarmat. Viðkomandi stofnun skal gæta þess að mat sé enn í gildi við innritun, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Stofnanir skulu við veitingu vistrýma sjá til þess að þeir gangi fyrir sem lengst hafa beðið með mjög brýna eða brýna þörf samkvæmt vistunarmati.

Aldraðir, sem eru með mjög brýna eða brýna þörf fyrir vistun samkvæmt vistunarmati og dveljast á öldrunarlækningadeildum sjúkrahúsa, skulu til jafns við aðra eiga aðgang að vistrýmum.

14. gr.

Tilkynning um vistun.

Þegar vistun hefur verið ákveðin sendir stofnunin frumrit yfirlits- og matsblað til Tryggingastofnunar ríkisins ásamt tilkynningu um nýjan vistmann. Stofnun ber að senda afrit til þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, þar sem vistmaðurinn á lögheimili og fellur hann þá af vistunarskrá.

Fylgi vistunarmat ekki tilkynningu stofnunar til Tryggingastofnunar ríkisins um vistun einstaklings getur Tryggingastofnun, að fenginni umsógn viðkomandi þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, neitað að greiða dvalarkostnað vegna hlutaðeigandi einstaklings. Á það bæði við um stofnanir sem eru á föstum fjárlögum og daggjöldum.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Faghópur, skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skal hafa eftirlit með framkvæmd vistunarmats skv. II. kafla. Hópurinn skal skipaður tveimur öldrunarlæknum, hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, starfsmanni vistunarmats og starfsmanni öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, sem jafnframt er formaður.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15. gr., sbr. 26. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 660/1995 um vistunarmat aldraðra með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. október 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 791

15. október 2001

Fylgiskjal I.

Vistunarmat aldraðra

Nafn

Kennitala

Leiðbeiningar:

FLUTNINGUR MILLI ÞJÓNUSTUSTIGA

Hér er átt við að vistmaður á stofnun flytjist á milli þjónustustiga, oftast úr þjónustuhúsnæði í hjúkrunarrými. Þegar þetta á við er merkt í reitinn við „flutningur milli þjónustustiga“ á yfirlitsblaði og sleppt mati á félagslegum aðstæðum.

FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR

1.1.

Eigin athafnageta0. *Góð*

Hlutaðeigandi býr við góðar og tryggar heimilisaðstæður. Getur séð um aðdrætti, annast matargerð, þrif og þvotta. Er fær um að taka þátt í félagsstarfi og njóta félagsskapar.

3. *Ábótavant*

Þarf aðstoð við aðdrætti, matargerð, þrif og þvotta, a.m.k. einu sinni í viku.

5. *Léleg*

Þarf verulega aðstoð, a.m.k. þrisvar í viku og skortir félagskap vegna einangrunar. Dagvistun einu sinni eða tvisvar í viku æskileg.

7. *Slæm*

Þarf daglega aðstoð, býr við félagslega einangrun. Dagvistun æskileg.

10. *Neyðarástand*

Þarf meiri aðstoð en að ofan getur. Getur alls ekki verið einn.

1.2.

Skipulögð aðstoð0. *Fáanleg/aðgengileg*

Skipulögð öldrunarþjónusta (t.d. heimahjúkrun, heimilisþjónusta, matarsendingar, dagvist og hvíldarinnlagnir) auðfengin og í engu ábótavant.

3. *Viðunandi*

Öldrunarþjónusta nokkuð góð.

5. *Takmörkuð*

Skipulagi eða framboði öldrunarþjónustu ábótavant eða erfitt að njóta hennar vegna fjarlægðar.

7. *Óáreiðanleg*

Þjónusta stopul eða verulega ábótavant.

10. *Neyðarástand*

Lítill eða engin skipulögð öldrunarþjónusta eða fullnægir alls ekki þörfinni, e.t.v. vegna fjarlægðar.

1.3.

Aðstæður aðstandenda0. *Góðar*

Aðstandendur vilja veita hjálp og hafa góðar aðstæður til aðstoðar. Fjarlægðir eru ekki vandamál.

3. *Lélegar*

Aðstoð aðstandenda takmörkuð vegna heimilisaðstæðna, atvinnu, fjarlægðar eða af öðrum ástæðum.

5. *Erfiðar*

Lítill hjálp frá aðstandendum.

7. *Afar erfiðar*

Óveruleg aðstoð fáanleg frá aðstandendum.

10. *Neyðarástand*

Aðstandendur engir eða veita hvorki félagslega aðstoð né hjálp við heimilishald eða komnir í þrot eftir langa og dygga þjónustu við gamalmennið.

LÍKAMLEGT ATGERVI

2.1.

Líkamlegt heilsufar

Skali skýrir sig sjálfur.

0. *Engin þörf á*

Hér er átt við eftirlit eða sérmeðferð vegna líkamlegra sjúkdóma að lyfjameðferð undanskilinni. Þjónustan er að jafnaði veitt af hjúkrunarfræðingi eða sjúkraliða. Eftirlit með sjónskertum, heyrnardaufum, mállausum, háöldruðum o.fl. Dæmi: Eftirlit með lífsmörkum (blóðþrýstingi, púlsi, öndun), t.d. hjá lokastígs hjarta- og lungnasjúklingum. Súrefnisgjöf. Sármeðferð (legusár, skurðsár). Umbúðir, sérstök húðmeðferð og sjúklingi snúið reglulega til að varna legusárum. Skol og eftirlit með slöngum.

1. *Eftirlit þarf, en*3. *Vikulegt eftirlit.*7. *Daglegt eftirlit.*10. *Eftirlit oft á dag,*

t.d. vegna

alblindu.

2.2.

Lyfjagjöf0 *Þarf ekki eftirlit*

Sjúklingur annast eigin lyf sjálfur án eftirlits.

1. *Vikulegt eftirlit*

Skammtað í vikubox.

5. *Daglegt eftirlit*

Líta þarf eftir lyfjum en ekki oftar en einu sinni á dag.

7. *Eftirlit oft á dag*

Líta þarf eftir allri lyfjagjöf sem er oft á dag.

10. *Sérhæft eftirlit*

Tryggja þarf að sjúklingur taki lyf, oft með fortölum og tryggja þarf að honum svelgist ekki á. Sérhæfð lyfjagjöf, svo sem lyf í æð.

ANDLEGT ATGERVI

3.1.

Heilabilun0. *Engin*

Einstaklingur áttar sig á stað, stund og eigin persónu (hefur skammtíma- og langtímaminni) og er fær um að rökræða og skipuleggja daglegar athafnir án aðstoðar.

3. *Væg*

Nokkurt minnistap er lítillaga truflar daglegar athafnir.

5. *Pó nokkur*

Minnistap truflar athafnir í daglegu lífi en viðkomandi tekur tilsögn. Þarf daglegt eftirlit og hvatningu, þarf t.d. tíma til að aðlagast nýju umhverfi, getur ef til vill ekki notfært sér öryggisæki (hnappur, sími). Þarf að minna á matmálstíma.

7. *Mikil*

Verulegt minnistap og truflun á athöfnum daglegs lífs. Tekur ekki tilsögn, getur týnst.

10. *Afar mikil*

Lítill eða enginn skilningur t.d. lítill eða engin hæfni til að láta í ljós eigin þarfir. Kann að þekkja kunnuleg andlit en getur ekki viðhaldið mannlegu sambandi. Skilur fátt af því sem sagt er.

3.2.

Óróleiki – afbrigðileg hegðun (Hér er átt við óróleika og afbrigðilega hegðun af ýmsu tagi).

<i>Hávaði</i>	T.d. talar hátt við sjálfan sig. Hrópar, ber í hluti, myndar torkennileg hljóð.
<i>Ósæmileg framkoma</i>	T.d. háttar á almanna færi, óviðeigandi kynlíf, hendir eða smyr út fæðu, hrækir á gólf, borðar sápu.
<i>Líkamleg misnotkun</i>	T.d. slær til annarra eða klórar sjálfan sig eða aðra. Hrindir öðrum eða losar um öryggisbúnað annarra.
<i>Andleg misnotkun</i>	T.d. notar hlutaðeigandi ógnandi, meiðandi eða ósæmilegt orðbragð, við viðstadda.
<i>Ráp</i>	Einstaklingurinn ráfar um og reynir að jafnaði að sleppa þaðan sem hann er. Ratar ekki til baka ef hann sleppur út.
<i>Breyting á svefn-venjum</i>	Dæggravilla. Sefur á daginn og vakir um nætur.
0. <i>Enginn.</i>	Skali skýrir sig sjálfur.
3. <i>Vandamál.</i>	
7. <i>Tíð og erfíð köst.</i>	
10. <i>Viðvarandi neyð.</i>	

3.3.

Andleg líðan (Hér er átt við vanlíðan eða þjáningar vegna þunglyndis, öryggisleysis, kvíða, ranghugmynda, svefnleysis eða einsemdar).

0. <i>Góð</i>	Engin vandamál af þessu tagi.
3. <i>Ábótavant</i>	Viðkomandi hefur sögu um eða fær tímabundin köst, sem þó svara lækni-meðferð, andlegum eða félagslegum stuðningi.
5. <i>Slæm</i>	Vandamál sem þó léttir tímabundið við meðferð eða stuðning.
7. <i>Afar slæm</i>	Varanlegt vandamál sem lítið lagast við meðferð og stuðning.
10. <i>Viðvarandi neyð</i>	Sjúklingur svarar ekki lækni-meðferð eða stuðningi og þessi vandamál lita alla tilveru hans.

FÆRNI

4.1.

Hreyfigeta

0. <i>Góð</i>	Getur gengið hjálparlaust og af öryggi innan dyra sem utan, bæði að nóttu sem degi. Notar þó e.t.v. staf á gönguferðum úti.
3. <i>Létt hjálp eða hjálpartæki</i>	Reiðir sig á hjálpartæki (staf, hækju, göngugrind). Þarf þó aðstoð við lengri ferðir svo sem á mannámót eða í fjölmenni og mikilli umferð.
5. <i>Bundin(n) hjólastól eða göngugrind</i>	Kemst ferða sinna innan húss með göngugrind eða hjólastól. Getur þurft annarra hjálp, t.d. þegar hann er þreyttur síðdegis og til að ferðast utan dyra.
7. <i>Þarf mikla hjálp aðst. fólks</i>	Þarf reglulega takmarkaða hjálp. Getur ekki nýtt öryggistæki. <i>Dæmi:</i> Þarf alltaf eftirlit eða einhverja hjálp við að flytja sig, hreyfa sig í rúmi eða hreyfa sig úr stað.
10. <i>Hreyfigeta nær engin</i>	Hreyfir sig ekki án hjálpar. Þarf stöðugan mannlegan stuðning og leiðsögn í öllum flutningum og/eða við hreyfingu. <i>Dæmi:</i> Sjúklingi er lyft frá rúmi í stól. Nota þarf lyftara til að hreyfa hann. Snúa þarf honum. Hann getur gengið en þarf aðstoð fleiri en eins.

4.2.

Hæfni til að matast

0. <i>Sjálfbjarga</i>	Kemst alltaf til málsverðar og hjálpar sér sjálf(ur) í öll þrjú mál.
1. <i>Matarskömmun</i>	Kemst til málsverðar og borðar sjálfur en þarf að láta skammta sér. Ekki þörf á frekari eftirliti.
3. <i>Brytja þarf matinn (eða minna á matmálstíma)</i>	Sama og 1, nema til viðbótar þarf að brytja matinn. Ekki þarf að hvetja eða fylgjast með því er viðkomandi borðar.
5. <i>Þarfnast hvatningar eða eftirlits</i>	Auk þess sem getur um undir 3, þarf viðkomandi reglulega hvatningu en getur borðað sjálfur án hættu á því að svelgjast á.
7. <i>Mötun</i>	Mata þarf viðkomandi en ekki hætta á því að honum svelgist á.
10. <i>Sérhæft eftirlit</i>	Mötun og sérhæft eftirlit með næringarástandi.

4.3.

Hæfni til að klæðast og annast dagleg persónuleg þrif

0. <i>Sjálfbjarga, klæðist þvær sér og greiðir án hjálpar</i>	<i>Dæmi:</i> Nær í fót og gengur frá þeim án hjálpar. Getur notað allar tegundir fatnaðar og ræður við rennilása, tölur og smellur.
1. <i>Þarf nokkurt eftirlit og aðstoð</i>	Þarf hjálp sjaldnar en daglega. <i>Dæmi:</i> Þarf nokkra hjálp við vikulegt bað.
3. <i>Þarf dagl. eftirlit</i>	Dagleg hjálp. <i>Dæmi:</i> Taka þarf til fót daglega. Hjálp við að fara í sokka og skó. Hjálp við rakstur.
7. <i>Þarf hjálp oft á dag</i>	Þarf algera hjálp í sumum atriðum oft á dag, t.d. við að klæðast, en getur þvegið sér sjálfur að hluta.
10. <i>Ósjálfbjarga</i>	Sjúklingur þarf alla hjálp við persónuleg þrif og klæðnað, enda þótt hann geti hreyft líkamshluta.

4.4.

Stjórn á þvaglátum og hægðum

- | | |
|----------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 0. <i>Sjálfhjarga</i> | Algerlega einfær um að annast þvaglát og hægðir, þar með talin notkun hjálpartækja og annast aðgerðir vegna lausheldni. |
| 1. <i>Hjálp, þó ekki daglega</i> | Þarf hjálp vegna þvags eða hægða, þó ekki daglega. |
| 3. <i>Þarf hjálp daglega</i> | Þarf daglegt eftirlit, t.d. reglulega minnt á salerni. Lausheldni ekki oftar en einu sinni á dag. Hjálp við að komast á salerni. |
| 7. <i>Þarf hjálp oft á dag</i> | Lausheldni oft á dag, en ekki alltaf. Þarf hjálp oft á dag við að komast á salerni. |
| 10. <i>Ósjálfhjarga</i> | Lausheldni daga og nætur, þar sem engin sjálfstjórn er möguleg. Stomia eða þvagleggur að staðaldri. |

ÁBENDINGAR

Ef niðurstaða á matsblaði verður að annarra úrræða sé þörf en vistunar á stofnun (þ.e. kross við C), getur verið gagnlegt að geta hvaða úrræða sé þörf, t.d. heimaþjónustu eða meiri heimahjúkrunar eða heimilishjónustu, matarsendinga, betra húsnæðis, dagvistar, endurhæfingar, hvíldarinnlagnar eða innlagnar á öldrunarlækningadeild.

Æskilegt væri að hafa reglubundið samband við alla sem metnir eru en ekki komnir á stofnun, t.d. á 6 mánaða fresti og framkvæma endurnat eftir þörfum.

Fylgiskjal II.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

VISTUNARMAT ALDRADRA YFIRLIT

Matsaðili:
(Þjónustuhópur aldraðra, matsaðili/stofnun)

Nafn	Kennitala:
Flutningur milli þjónustustiga <input type="checkbox"/>	Hjúskaparstétt <input type="checkbox"/> Gift(ur) <input type="checkbox"/> Ógift(ur) <input type="checkbox"/> Skilin(n) <input type="checkbox"/> Ekkil/ekkja <input type="checkbox"/> Sambúð
<p>FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR</p> <p style="text-align: right;">Dags:</p> <p>1.1. Eigin athafnageta</p> <p>0. Góð <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Ábótavant <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>5. Léleg <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Slæm <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Neyðarástand <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>1.2. Skipulögð aðstoð</p> <p>0. Fáanleg/aðgengileg <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Viðunandi <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>5. Takmörkuð <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Óáreiðanleg <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Neyðarástand <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>1.3. Aðstæður aðstandenda</p> <p>0. Góðar <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Lélegar <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>5. Erfiðar <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Afar erfiðar <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Neyðarástand <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>LÍKAMLEGT ATGERVI</p> <p>2.1. Líkamlegt heilsufar:</p> <p>0. Engin þörf á reglulegu eftirliti <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>1. Eftirlit þarf, þó ekki vikulega <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Vikulegt eftirlit <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Daglegt eftirlit <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Eftirlit oft á dag <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>2.2. Lyfjagjöf:</p> <p>0. Þarf ekki eftirlit <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>1. Vikulegt eftirlit <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>5. Daglegt eftirlit <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Eftirlit oft á dag <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Sérhæft eftirlit <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>ANDLEGT ATGERVI</p> <p>3.1. Heilabilun:</p> <p>0. Engin <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Væg <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>5. Þó nokkur <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Mikil <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Afar mikil <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p>	<p style="text-align: right;">Dags:</p> <p>3.2. Óróleiki – Afbrigðileg hegðun:</p> <p>0. Engin <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Vandamál <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Tíð og erfið köst <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Viðvarandi neyð <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3.3. Andleg líðan:</p> <p>0. Góð <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Ábótavant <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>5. Slæm <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Afar slæm <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Viðvarandi neyð <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>FÆRNI</p> <p>4.1. Hreyfigeta:</p> <p>0. Góð <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Létt hjálp eða hjálpartæki <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>5. Bundin(n) hjólastól eða göngugrind <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Þarf mikla hjálp aðstoðarfólks <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Hreyfigeta nær engin <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>4.2. Hæfni til að matast:</p> <p>0. Sjálfbjarga <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>1. Matarskömmtnun <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Brytja þarf matinn eða – minna á matmálstíma <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>5. Þarfnast hvatningar eða eftirlits <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Mötun <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Sérhæft eftirlit <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>4.3. Hæfni til að klæðast og annast persónulegt þrif:</p> <p>0. Sjálfbjarga <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>1. Þarf nokkurt eftirlit og aðstoð <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Þarf daglegt eftirlit <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Þarf hjálp oft á dag <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Ósjálfbjarga <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>4.4. Stjórn á þvaglátum og hægðum:</p> <p>0. Sjálfbjarga <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>1. Hjálp sjaldnar en daglega <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>3. Hjálp daglega <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>7. Þarf hjálp oft á dag <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>10. Ósjálfbjarga <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p>

Fylgiskjal III.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**VISTUNARMAT ALDRAÐRA
MATSBLAÐ**

Vistunarmat sent: a) frumrit _____

b) ljósrit 1. _____

2. _____

3. _____

4. _____

Nafn		Kennitala:	
Heimilisfang	Sími:	Núv. dválarstaður	Sími:
Nánasti aðstandandi:	Sími v.:	Sími h.:	
Félagslegar aðstæður:		Dags.: _____	
		Stig: _____	
Líkamlegt atgervi, getið helstu sjúkdóma:			
		Stig: _____	
Andlegt atgervi:			
		Stig: _____	
Færni			
		Stig: _____	
Annað:			
Horfur:			
Athugasemdir:			
Úrræði:		Já	Nei
1. Hafa félagslegar úrbætur verið reyndar?	
2. Hefur sjúklingur verið rannsakaður og endurhæfður á öldrunarlækningadeild?	
3. Ef grunur leikur á heilabilun, hefur þá farið fram sérfræðileg greining?	
4. Hæfir úrræði fyrir heilabilaða?	
Niðurstöður:		Stig alls:	_____
A. Þjónustuhúsnæði	B. Hjúkrunarrými	Endurmat	/
<input type="checkbox"/> Þörf	<input type="checkbox"/> Þörf	<input type="checkbox"/> Þörf fyrir önnur	
<input type="checkbox"/> Brýn þörf	<input type="checkbox"/> Brýn þörf	úræði en vistun	
<input type="checkbox"/> Mjög brýn þörf	<input type="checkbox"/> Mjög brýn þörf	Hver?	
Dagsetning mats		Matsaðili:	(Undirskrift)
		Staður:	
Fyllist út af stofnun:			
Vistaður á		Dags.:	
(Nafn stofnunar)			